
158. Oddný G. Harðardóttir (Inlägg)

Takk fyrir. Það eru ekki fleiri á mælendaskrá um þennan lið og því er umræðu lokið. En því miður, þar sem tíminn er naumur og við verðum að hætta núna, þá hefur verið hringt inn til atkvæðagreiðslu og við munum greiða atkvæði um fyrstu fjórar tillögurnar innan skamms. Ég vil þakka fyrir góðar umræður og þingmönnum fyrir að halda tímamörk.

Við munum taka þessa liði um tillögu 9.5 og 9.6 til umræðu í fyrramálið kl. 8:45. Það verður sem sagt fyrsti liður í fyrramálið kl. 8:45. – Afsakið. Fyrst verður gengið til atkvæða um tillögu 9.1 um að viðhalda frjálsri för á Norðurlöndum þegar hættuástand ríkir. Þau sem kjósa „já“ ýta á „for“. Þau sem að kjósa „nei“ ýta á „imod“ og þau sem skila auðu ýta á „hverken for eller imod“.

Eru fleiri sem vilja greiða atkvæði? Ef svo er ekki þá lýsi ég niðurstöðunum. Þau sem hafa samþykkt tillöguna eru 52 og það eru líka 52 sem sitja hjá. (Á líklega ekki að vera með. OH segir svo: „Nei“ og les upp niðurstöðuna) Niðurstaðan er að tillagan er samþykkt með 52 atkvæðum. Takk.

Þá er komið að dagskrárlið 9.2, nefndarálit um þingmannatillögu um aukið öryggi á Norðurlöndum gegn netárásum. Þið kjósið eins og áður með því að ýta á „for“ ef þið eruð samþykkt og „imod“ ef þið eruð á móti. Og síðan ef þið viljið skila auðu þá er það „hverken for eller imod“.

Eru fleiri sem vilja greiða atkvæði? Svo er ekki. Tillagan er samþykkt með 63 atkvæðum. Enginn er á móti og enginn situr hjá. Tillagan er samþykkt.

Næsti dagskrárliður er 9.3, nefndarálit um þingmannatillögu um norrænt

samstarf á sviði viðbúnaðar. Og það er eins og áður; þeir sem eru samþykkir tillögunni ýta á „for“. Þau sem eru á móti ýta á „imod“ og þau sem skila auðu ýta á „hverken for eller imod“. Atkvæðagreiðsla er hafin. Eru fleiri sem vilja greiða atkvæði? Ef svo er ekki þá lýsi ég niðurstöðum sem eru að 61 er samþykktur tillögunni, enginn er á móti og enginn situr hjá. Þannig að tillagan er samþykkt.

Þá er komið að nefndaráliti 9.4, um stofnun forsætisráðherranefndar og neyðarviðbúnaðarnefndar, og eins og áður ýta þeir sem eru samþykkir á „for“, þeir sem eru á móti ýta á „imod“ og þeir sem skila auðu ýta á „hverken for eller imod“. Atkvæðagreiðsla er hafin. Eru fleiri sem vilja greiða atkvæði? Ef svo er ekki þá ljúkum við atkvæðagreiðslu núna. Þeir sem eru samþykkir tillögunni eru 64, enginn á móti og enginn situr hjá. Þannig að tillagan er samþykkt.

Þá höfum við höfum frestað dagskrárlið 9.5 og 9.6 þangað til kl. 8.45 í fyrramálið.

Núna gef ég kollega mínum, Lulu Ranne, orðið. Takk fyrir.

Skandinavisk översättning

Tak for det. Der er ikke flere på talerlisten under dette punkt, og derfor er debatten slut. Men tiden er knap, og vi er desværre nødt til at afslutte debatten nu, da der er blevet ringet ind til afstemning, og vi skal snart til at stemme om de første fire forslag. Jeg takker for en god debat og medlemmerne for at overholde tiden.

Vi vil diskutere punkterne om forslag 9.5 og 9.6 i morgen tidligt kl. 8:45. Det bliver som sagt det første dagsordenspunkt i morgen tidligt kl. 8:45. – Undskyld. Først stemmer vi om forslag 9.1 om at opretholde fri bevægelighed i Norden i krisesituationer. De som stemmer ”ja” trykker på ”FOR”. De som stemmer ”nej” trykker på ”IMOD”, og de som stemmer blankt, trykker på ”HVERKEN FOR ELLER IMOD”

Er der flere, der ønsker at stemme? Hvis ikke, så vil jeg beskrive afstemningsresultatet. For stemte 52, og det er formentlig 52, der stemte hverken for eller imod. (Skal formentlig ikke med. Hvorefter OH siger følgende: "Nej" og læser resultatet) Resultatet er at forslaget er godkendt med 52 stemmer. Tak.

Så er vi nået til dagsordenspunkt 9.2, en betænkning om et medlemsforslag om øget nordisk sikkerhed mod cyberangreb. I afgiver jeres stemmer som før ved at trykke "FOR", hvis I er enige, og "IMOD", hvis I er imod. Og hvis I ønsker at stemme blankt, så trykker I på "HVERKEN FOR ELLER IMOD".

Er der flere, der ønsker at stemme? Dette er ikke tilfældet. Forslaget er godkendt med 63 stemmer. Ingen stemte imod, og ingen stemte hverken for eller imod. Forslaget er godkendt.

Næste punkt er 9.3, en betænkning om et medlemsforslag om nordisk beredskabssamarbejde. Og det er som før: De, der er enige i forslaget, trykker på "FOR". De, som stemmer imod, trykker på "IMOD", og de, som ønsker at stemme blankt, trykker på "HVERKEN FOR ELLER IMOD".

Afstemningen er begyndt. Er der flere, der ønsker at stemme? Hvis dette ikke er tilfældet, så er resultatet, at 61 stemte for forslaget, ingen er imod og ingen stemte hverken for eller imod. Forslaget er således vedtaget.

Vi er nu nået til betænkning 9.4 om etablering af et statsministerråd og en kriseberedskabskomité, og som før trykker de, der er enige, på "FOR", de, der er imod, trykker på "IMOD" og de, der stemmer blankt, trykker på "HVERKEN FOR ELLER IMOD". Afstemningen er begyndt. Er der flere, der ønsker at stemme? Hvis dette ikke er tilfældet, afslutter vi afstemningen nu. Der er 64 stemmer for forslaget, ingen imod og ingen undlod at stemme. Forslaget er således vedtaget.

Vi har udskudt dagsordenspunkterne 9.5 og 9.6 til kl. 8:45 i morgen tidligt.

Nu giver jeg ordet til min kollega, Lulu Ranne. Tak for det.

Information

Talenummer

158

Type

Inlägg

Person

[Oddný G. Harðardóttir](#)

TaleroUe

Presidiet

Dato

03.11.21 11:03

--